

Fimmtudaginn 18. febrúar 1993.

Nr. 359/1990. **Úlfur Björnsson**

gegn

**Korpus-prentþjónustu.**

Áskorunarmál. Vixill. Skriflega flutt mál.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. október 1990. Áfrýjað er áritun bæjarþings Reykjavíkur um aðfararhæfi frá 5. júlí 1990. Krefst áfrýjandi sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda hefur ekki verið skilað greinargerð fyrir Hæstarétti, og hefur málið verið skriflega flutt.

Mál þetta var höfðað sem áskorunarmál í héraði á hendur áfrýjanda persónulega og fyrir hönd fjáröflunardeildar U.F.H.Ö., þ.e. Ungmennafélags Hveragerðis og Ölfuss. Byggðist kröfugerð stefnda á vixli, að fjárhæð 120.000 krónur, samþykktum til greiðslu með árituninni pr. pr. fjáröflunardeild U.F.H.Ö., undirritaðri af Birni Pálssyni, en út gefnum og framseldum af Korpus hf. Af hálfu áfrýjanda var ekki sótt þing í héraði.

Af vixlinum verður ekki ráðið, að áfrýjandi hafi ábyrgst greiðslu samkvæmt honum, hvorki í eigin nafni né annarra. Þá eru í stefnu í héraði ekki hafðar uppi nokkrar þær málsástæður, er leitt geta til þess, að áfrýjandi verði gerður persónulega ábyrgur fyrir skuldinni. Héraðsdómara bar að huga að þessum atriðum ex officio. Ber að fella hina áfrýjuðu áritun úr gildi, að því er áfrýjanda varðar.

Rétt er, að málskostnaður falli niður.

### **D ó m s o r ð:**

Áfrýjandi, Úlfur Björnsson, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Korpus-prentþjónustu, í máli þessu.